

Fundargerð

13. fundur Samstarfsnefndar Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar haldinn í gegnum fjarfundarbúnað, 21. október 2020, kl. 15:00.

Fundinn sátu:

Helgi Héðinsson, Arnór Benónýsson, Halldór Þorlákur Sigurðsson, Margrét Bjarnadóttir, Ragnhildur Hólm Sigurðardóttir, Sigríður Hlynur Helguson Snæbjörnsson, Dagbjört Jónsdóttir, Sveinn Margeirsson, Jón Hrói Finnsson og Róbert Ragnarsson.

Fundargerð ritaði: Jón Hrói Finnsson, verkefnisstjórar.

Jóna Björg Hlöðversdóttir boðaði forföll. Sigríður Hlynur mætti í hennar stað.

Dagskrá:

1. Vinna við aðalskipulag - 2010022

Farið yfir stöðu vinnu við endurnýjun aðalskipulags. Lagðar fram skipulags- og matslýsingar.

Rætt um stöðu vinnu við endurskoðun aðalskipulags í sveitarfélögunum tveimur. Endurskoðunin er unnin samhliða og tekur mið af því að auðvelt verði að samræma skipulagið ef til sameiningar kemur. Engu að síður er mótuð sjálfstæð stefna fyrir hvort sveitarfélag. Alta hefur unnið skipulags- og matslýsingu fyrir bæði sveitarfélög sem hafa verið samþykktar og verða kynntar íbúum og öðrum hagsmunaaðilum í síðustu viku október.

2. Nýsköpun í norðri - 1909032

Farið yfir stöðu og rætt um með hvaða hætti kynna skuli niðurstöður varðandi atvinnu- og byggðamál fyrir íbúum.

Áfram hefur verið unnið í þeim 6 verkefnum sem urðu til í NÍN. Stefnt er að því að yfirlit yfir stöðu verkefna verði lagt fram á næsta fundi nefndarinnar. Ákveðið að koma stöðu og starfsáætlun Þingeyings og NÍN á framfæri við íbúa eftir fund samstarfsnefndar í nóvember.

3. Starfshópar - 1911021

Formenn kynna minnisblöð starfshópa og helstu niðurstöður.

Samstarfsnefnd ræddi niðurstöður starfshópa og skipulag vinnu nefndarinnar með þær. Ákveðið að leita aðstoðar við ítarlegra mat á viðhaldspörf.

4. Áhrif efnahagsástands á forsendur sameiningar - 2010023

Ráðgjafar fóru yfir reglur Jöfnunarsjóðs Sveitarfélaga um úthlutun framlaga við sameiningu sveitarfélaga.

Fundi slitið kl. 17:30.

Helgi Héðinsson

Arnór Benónýsson

Halldór Þorlákur Sigurðsson

Margrét Bjarnadóttir

Ragnhildur Hólm
Sigurðardóttir

Sigríður Hlynur Helguson
Snæbjörnsson
